

Reykjavík, 21. mars 2016

Niðurstaða athugunar á eignarhaldi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í Hótel Laxá ehf. og tengdum félögum

Fjármálaeftirlitið hefur haft eignarhald Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) í Hótel Laxá ehf. og tengdum félögum til skoðunar með hliðsjón af 11. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Tilfni athugunar Fjármálaeftirlitsins var sú að TM átti 50% eignarhlut í Hótel Laxá ehf. og dótturfélögum þess en félögunum er ætlað að standa fyrir rekstri og eignarhaldi Hótel Laxár.

Í 1. mgr. 11. gr. laga um váttryggingastarfsemi er kveðið á um að váttryggingafélög megi ekki reka aðra starfsemi en váttryggingastarfsemi nema annað leiði af ákvæðum 13. gr. laganna. Í 2. mgr. sama ákvæðis er að finna skilgreiningu á því hvað felst í því að reka óskylda starfsemi en með því er átt við að félagið hafi yfirráð í félagi sem rekur aðra starfsemi en váttryggingastarfsemi.

Yfirráð eru skilgreind í 31. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna en í e lið þess ákvæðis kemur fram að þau geta falist í eignarhlut í öðru félagi og ráðandi stöðu í því. Ákvæðið tiltekur sérstaklega að ekki sé aðeins um að ræða stærð eignarhlutar þegar metið er hvort um yfirráð sé að ræða heldur sé einnig mögulegt að líta til ráðandi stöðu. Þá er í f lið sama ákvæðis tiltekið að í yfirráðum geti falist hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag, sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi þess.

Fjármálaeftirlitið taldi TM hafa ráðandi stöðu og slík tengsl við Hótel Laxá ehf. og dótturfélög þess að það leiddi til raunverulegra áhrifa á starfsemi þeirra, sbr. ofangreint ákvæði. Hótel Laxá ehf. og dótturfélög þess stunda ekki váttryggingastarfsemi eða hliðarstarfsemi við hana og í ljósi þess, sem og yfirráða TM í félögunum, taldi Fjármálaeftirlitið að um aðra starfsemi væri að ræða í skilningi 2. mgr. 11. gr. laganna.

Með hliðsjón af framangreindu taldi Fjármálaeftirlitið að eignarhlutur TM í Hótel Laxá ehf. og dótturfélögum þess samræmdist ekki ákvæði 11. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins hefur TM lagt fram áætlun og hafið úrbætur vegna ofangreinds.